

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B101-105

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 101-105

Nr. 688-719

2004

Efnisyfirlit B 101–105 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
688	11. ágúst	Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu	1781
689	19. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, iðnaðarsvæði, orkuvinnsla á Reykjanesi	1782
690	19. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, leikskólalóð við Helgamagrastræti	1782
691	19. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 við Skaftárbrú og Iðjuvelli	1783
692	20. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1784-1785
693	24. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1786
694		Reikningur Bjargráðasjóðs fyrir árið 2003	1787-1789
695	11. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir Einarsreit, Hafnarfirði vegna Fálkakrauns 10, Hafnarfirði	1789
696	12. ágúst	Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Hveragerði	1790
697	11. ágúst	Reglugerð um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum	1790-1793
698	12. ágúst	Reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga	1794-1796
699	20. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Reykjanesbæ	1796
700	17. ágúst	Reglugerð um rækjuveiðar innfjarða	1797-1798
701	17. ágúst	Reglugerð um takmarkanir á heimild til veiða á kúfiski	1798
702	17. ágúst	Reglugerð um hörpudisksveiðar	1799
703	18. ágúst	Reglugerð um afnám reglugerða um svæðisbundin veiðibönn við síldveiðar	1800
704	19. ágúst	Auglýsing um skipulagsmál í Borgarbyggð	1800
705	18. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999	1801-1802
706	18. ágúst	Reglugerð um endurveitingu ökuréttar	1802-1803
707	28. júlí	Auglýsing um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra	1803-1805
708	25. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Skaftárhreppi	1806
709	22. júlí	Samþykkt um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, stofngjald holræsa og stofngjald vatnsveitu í Austurbyggð	1806-1808
710	20. ágúst	Samþykkt Norður-Héraðs um umgengi og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands	1808-1810
711	27. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi	1810
712	26. ágúst	Reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði ...	1811-1815

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 2004

11. ágúst 2004

1781

Nr. 688

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, S-Kóreu, Víetnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 23. ágúst og gildir til 15. desember 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. ágúst 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, iðnaðarsvæði, orkuvinnsla á Reykjanesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í stækkun á iðnaðarsvæði á Reykjanesi um 1,7 ha og nýtt 0,5 ha orkuvinnslusvæði er afmarkað vestan þess svæðis. Einnig breytist lega affallslagnar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, leikskólalóð við Helgamagrastræti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að stofnanasvæði á reit milli Helgamagrastrætis og Þórunnarstrætis norðan Bjarkarstígs, er stækkað til suðurs á kostnað opins svæðis til sérstakra nota, þannig að stofnanasvæðið þeki allan reitinn.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 við Skaftárbrú og Iðjuvelli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, frá 26. mars 2003.

Eftirtaldar breytingar verða á landnotkun á Kirkjubæjarklaustri við Skaftárbrú og Iðjuvelli:

- Hringvegur sem til stóð að færa til norðvesturs út á Jónstún verður í núverandi legu.
- Aðkoma inn í þéttbýlið verður norðan við Skaftárskála.
- Nýr tengivegur til fækkunar á innkeyrslum að Iðjuvöllum verður samsíða hringvegi.
- Flugvallarvegur færður frá Skaftá á móts við Rarik-lóð.
- Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur og ríðandi umferð við norðurenda Skaftárbrúar eru felld niður.
- Göngu- og reiðleiðir verða aðlagðar breyttum veglínunum.
- Afmörkun á verslunar- og þjónustulóð við Iðjuvelli er aðlöguð legu hringvegarins.
- Athafnasvæði (A2) á Jónstúni færist austur fyrir Flugvallarvegi þar sem gert var ráð fyrir iðnaðarsvæði.
- Iðnaðarsvæði (I3) áætlað fyrir gámvöll breytist í lóð fyrir þjónustustofnun.
- Gámvöllur færist að Flugvallarvegi sunnan við lóð Rarik.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 2004

Nr. 692

1784

20. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Egilsgata 3, Domus Medica.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 11. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Egilsgötu 3. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Neðstabergr 18.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Neðstabergr 18, Breiðholti III.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Kleifarsel 28, Seljaskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kleifarsel 28, Seljaskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Leiðhamrar 12, Hamrahverfi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 11. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Leiðhamra 12. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Starengi 6, Engjahverfi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 1. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Starengi 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. ágúst 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2004

Nr. 693

1786

24. ágúst 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Bakkaflöt og Dalsflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 20. apríl 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í að breyta lóðunum Bakkaflöt 1, 3, 5 og 7 og Dalsflöt 2, 4, 6 og 8 úr einbýlishúsalóðum í tvær raðhúsalóðir Bakkaflöt 1, 3, 5, 7 og 9 og Dalsflöt 2, 4, 6, 8 og 10. Reist verði 5 íbúða raðhús á einni hæð á hvorri lóð.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. ágúst 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 2004

1787

Nr. 694

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 2003

Sameinaður rekstrarreikningur fyrir árið 2003

	Kr.
Fjármunatekjur	
Vaxtatekjur og verðbætur	37.532.567
Fjármunatekjur alls	<u>37.532.567</u>
Fjármagnsgjöld	
Vaxtagjöld.....	0
Fjármagnsgjöld alls.....	<u>0</u>
Hreinar fjármunatekjur	<u>37.532.567</u>
Aðrar tekjur	
Framlag sveitarfélaga	32.088.299
Framlag ríkissjóðs	10.000.000
Búnaðargjald.....	<u>39.457.000</u>
Aðrar tekjur alls	<u>81.545.299</u>
Tekjur alls.....	<u>119.077.866</u>
Styrkveitingar	
Styrkir	<u>42.727.494</u>
Styrkveitingar alls.....	<u>42.727.494</u>
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld.....	<u>76.350.372</u>
Rekstrargjöld	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	15.832.941
Sérkostnaður	5.784.091
Afskriftir	<u>347.265</u>
Rekstrargjöld alls	<u>21.964.297</u>
Hagnaður fyrir skatta.....	54.386.075
Fjármagnstekjuskattur	3.447.621
Tekjur umfram gjöld	<u>50.938.454</u>

Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir 31. desember 2003

Fastafjármunir	Kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Áhöld	350.154
Fasteignir	<u>12.405.839</u>
Fastafjármunir alls	<u>12.755.993</u>
Veltufjármunir	
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar tekjur	14.639.297
Aðrar skammtímakröfur	<u>871.196</u>
Skammtímakröfur alls	<u>15.510.493</u>
Handbært fé	
Bankainnstæður	<u>467.158.518</u>
	<u>467.158.518</u>
Veltufjármunir alls	482.669.011
Eignir samtals	<u>495.425.004</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2003

Eigið fé	
Óráðstafað eigið fé	460.698.704
Eigið fé alls	<u>460.698.704</u>
Skuldbindingar	
Lífeyrisskuldbinding	33.198.000
Skammtímaskuldir	
Viðskiptaskuldir	<u>1.528.300</u>
Skammtímaskuldir alls	<u>1.528.300</u>
Skuldir og skuldbindingar alls	34.726.300
Skuldir og eigið fé samtals	<u>495.425.004</u>

Reykjavík, 4. mars 2004

Sesselja Árnadóttir, formaður

Guðbjartur Gunnarsson, meðstjórnandi

Hörður Harðarson, meðstjórnandi

Ríkharð Brynjólfsson, meðstjórnandi

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, meðstjórnandi

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Bjargráðasjóðs.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 4. mars 2004.

Gísli Guðmundsson,
endurskoðandi.

11. ágúst 2004

AUGLÝSING

Nr. 695

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Einarsreit, Hafnarfirði vegna Fálkahrauns 10, Hafnarfirði.

Breytingin felst í stækkun á byggingarreit rishæðar um 4,0 m til vesturs og heimild til að stækka rishæð sem því nemur, á húsinu nr. 10 við Fálkahraun. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14. júlí 2004 með vísan í samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um embættisafgreiðslur. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Engar athugasemdir bárust.

Hafnarfirði, 11. ágúst 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri

umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 18. desember 2003 nýtt deiliskipulag við Birkimörk, Hveragerði.

Deiliskipulagsuppráttur og tilheyrandi greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Hveragerði, 12. ágúst 2004.

Orri Hlöðversson.

REGLUGERÐ

um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna skaðlegra efna og efna-sambanda í raftækjum og stuðla þannig að vernd heilsu manna og minna álagi á umhverfið vegna endurnýtingar og förgunar rafækja.

Gildissvið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til raftækja sem talin eru upp í viðauka I við reglugerð þessa og einstakra hluta þeirra, ef í þeim eru einhver eftirtalinn efna eða efna-sambönd þeirra: Blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómbífenýl (PBB: polybrominated biphenyls) eða fjölbrómdífenýleter (PBDE: polybrominated diphenyl ethers).

Reglugerð þessi nær ekki til varahluta til viðgerða á raftækjum sem eru markaðssett fyrir gildistöku reglugerðar þessarar eða til endurnotkunar á raftækjum.

Orðskýringar.

3. gr.

Framleiðandi: aðili sem;

- framleiðir og selur raftæki undir eigin vörumerki,
- endurselur raftæki sem aðrir framleiða undir eigin vörumerki, eða,
- flytur raftæki inn á EES-svæðið.

Markaðssetning: innflutningur, dreifing eða sala raftækja.

Raftæki: búnaður sem tiltekinn er í viðauka I, sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að starfa og búnaður til að framleiða, flytja og/eða mæla slíkan rafstraum eða rafsegulsvið. Búnaðurinn skal vera hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um riðstraum er að ræða og ekki yfir 1500 volt þegar um jafnstraum er að ræða.

Takmarkanir.

4. gr.

Óheimilt er að markaðssetja ný raftæki sem innihalda efni og efnasambönd sem talin eru upp í 1. mgr. 2. gr.

Bann samkvæmt 1. mgr. nær ekki til þeirra raftækja sem talin eru upp í viðauka II við reglugerð þessa.

Förgun.

5. gr.

Um förgun raftækja sem innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómbífenýl eða fjölbrómdífenýleter gilda lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Eftirlit.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Viðurlög.

7. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2002/95/EB, sem vísað er til í tl. 12q, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2003, þann 8. nóvember 2003.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 2006.

Umhverfísráðuneytinu, 11. ágúst 2004.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

VIÐAUKI I
Raftæki sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar.

	Raftæki	Vörur sem reglugerð þessi gildir um:
1	Stór heimilistæki	Stór kælitæki; kælískápar; frystar; önnur stór tæki notuð til kælingar, varðveislu og geymslu matvæla; þvottavélar; þurrkarar; uppþvottavélar; eldunartæki; rafmagnsarnar; rafmagnshellur; örbylgjuofnar; önnur stór tæki notuð til eldunar og annarrar vinnslu matvæla; rafmagnshitunartæki; rafmagnsöfnar; önnur stór tæki til að hita upp herbergi, rúm eða sæti; rafmagnsviftur; loftkælingar; annar viftu-, loftræsti- og loftkælingarbúnaður.
2	Lítill heimilistæki	Ryksugur; teppahreinsarar; önnur hreingerningartæki; tæki sem notuð eru til að sauma, þrjúna, vefa og til annarrar textílvinnslu; straujárn og önnur tæki sem notuð eru til að strauja, rulla og hirta um fatnað á annan hátt; brauðristar; steikarpönnur; kvarnir, kaffivélar og búnaður til að opna eða innsigla ílát eða umbúðir; rafmagnshnífar; hárskurðartæki, hárburrkur, rafmagnstannburstar, rakvélar, nuddtæki og önnur tæki notuð til snyrtingar; klukkur, armbandsúr og búnaður til að mæla, gefa til kynna eða skrá tíma; vogir.
3	Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður	Miðlæg gagnvinnsla; stórtölvur; smáttölvur; prenttæki; einka- og fartölvur (móðurborð, örgjörvi, mús, skjár og lykllaborð meðtalið); fístitölvur; lófátölvur; prentarar; afritunarbúnaður; rafmagns- og rafeindaritvélar; vasa- og borðreiknivélar og önnur tæki og búnaður til að safna, geyma, vinna úr, setja fram eða miðla upplýsingum með rafrænum hætti; endabúnaður og -kerfi notanda; bréfasímar; fjarritar; símar; símasjálfsalar; þráðlausir símar; farsímar; símsvarar og önnur tæki eða búnaður til að flytja hljóð, myndir eða aðrar upplýsingar með fjarskiptatækni.
4	Neytendabúnaður	Útvarpstæki; sjónvarpstæki; myndbandsupptökutæki; myndbandstæki; hi-fi-upptökutæki; magnarar; hljóðfæri og önnur tæki eða búnaður sem notaður er til hljóð- eða myndupptöku eða –flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum
5	Ljósabúnaður	Ljós; afgangir flúrlampar; háþrýstiúrhléðslulampar, þ.m.t. háþrýstinatriumlampar og málmhalógenlampar; lágþrýstinatriumlampar; annars konar ljós eða ljósabúnaður sem þjónar þeim tilgangi að dreifa ljósi eða takmarka ljós, að frátöldum glóðarperum.
6	Raf- og rafeindatæki (að frátöldum föstum tækjum til iðnaðar)	Borar; sagir; saumavélar; búnaður til að renna, sverfa, slípa, fínpússa, saga, skera, klippa, bora, hola, gata, brjóta saman, beygja eða vinna timbur, málma eða önnur efni á svipaðan hátt; verkfæri til að hnoða, negla eða skrúfa eða fjarlægja hnoð, nagla og skrúfur eða til svipaðra nota; tæki til að logsjóða eða lóða eða til svipaðra nota; búnaður til sprautunar, dreifingar, úðunar eða annarrar meðhöndlunar með vökva eða loftkenndum efnum; sláttutæki eða önnur tæki til garðvinnu.
7	Leikföng, tómsunda-, íþróttá- og útivistar-búnaður	Rafknúnar lestir og bílabrautir; handstjórnborð myndbandsleikja; skjáleikir; tölvur til hjólreiða, köfunar, hlaupa, róðrar o.s.frv., íþróttá- og útivistarbúnaður með raf- eða rafeindahlutum; spilakassar.
10	Sjálfsalar	Sjálfsalar fyrir heita drykki; sjálfsalar fyrir heita eða kalda drykki í flöskum eða dósnum; sjálfsalar fyrir vörur í föstu formi; sjálfsalar til að skipta peningum; öll tæki sem afhenda sjálfvirkt hvers konar vörur.

VIÐAUKI II

Notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíum og sexgildu krómi sem undanþegið er banni samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Efni	Notkun	Hámarks magn	Gildistími undanþágu
1. Kvikasilfur	Í samþjöppuðum flúrlömpum í magni jafnt eða lægra en 5 mg á hverja flúrperu.		
2. Kvikasilfur	Í aflöngum flúrlömpum til almennra nota með magni jafnt eða lægra en eftirtalið í hverjum lampu; <ul style="list-style-type: none"> – halógenfosföt – trifosföt með eðlilegan líftíma – trifosföt með langan líftíma 	10 mg 5 mg 8 mg	
3. Kvikasilfur	Í aflöngum flúrlömpum til sértekra nota.		
4. Kvikasilfur	Í öðrum lömpum sem ekki eru sérstaklega tilgreindir í þessum viðauka.		
5. Blý	Í gleri katóðumyndlampa, rafrásarhlutum og flúrlamparörum.		
6. Blý	sem málmblendi í; <ul style="list-style-type: none"> – stál, – ál, – kopar. 	0,35 % þyngdarhlutfall af blýi, 0,4 % þyngdarhlutfall af blýi 4 % þyngdarhlutfall af blýi.	
7. Blý	<ul style="list-style-type: none"> – í lóðmálmi með hátt bræðslumark (þ.e. tin-blý lóðmálmblendi sem innihalda meira en 85% blý), – sem blý í lóðmálmi fyrir netþjóna og gagnageymslusvæði netþjóna, – blý í lóðmálmi fyrir grunnnetkerfi fyrir rofa, merkjakerfi, sendingar sem og netstjórnun fjarskipta, – blý í keramik rafeindahlutum (t.d. þrýstirafeindahlutum – (piezo)). 		1. janúar 2010
8. Kadmíum	Í málmhúðun nema þar sem slíkt er bannað samkvæmt reglugerð um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.		
9. Sexgilt króm	Sem tæringarvörn í stálkælikerfum ísogskæla.		

REGLUR

um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um tilkynningarskyldu vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um undanþágur frá þeirri skyldu og um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða er ætluð til persónulegra nota fellur utan gildissviðs reglna þessara. Sama á við um vinnslu sem fram fer í tengslum við rannsókn eða könnun þar sem skráðar upplýsingar eru hvorki merktar með persónuauðkennum, númerum né öðrum rekjanlegum auðkennum.

Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 794/2000 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

2. gr.

Tilkynningarskylda.

Ábyrgðaraðili skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 skal tilkynna Persónuvernd um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann framkvæmir eða fer fram á hans vegum. Hann ber að lögum ábyrgð á því að vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt hagað í samræmi við efni tilkynningar til Persónuverndar og lög nr. 77/2000.

Senda skal tilkynningu í upphafi fyrstu vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram. Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

3. gr.

Form og efni tilkynninga.

Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í tilkynningu skal tilgreina öll þau atriði sem greinir í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000. Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu ábyrgðaraðila. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

4. gr.

Hvenær er heimilt að hefja vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún byggist á 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Það ræðst af því hvort vinnsla er leyfisskyld eða tilkynningarskyld hvenær heimilt er að hefja hana.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

Heimilt er að hefja tilkynningarskylda vinnslu þegar ábyrgðaraðila hefur borist staðfesting frá Persónuvernd um móttöku tilkynningarinnar. Honum er þó ávallt heimilt að hefja vinnslu þegar liðnir eru 15 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Honum er hins vegar óheimilt að hefja vinnslu hafi honum, innan umrædds frests, borist tilmæli Persónuverndar þess efnis.

Persónuvernd getur hvenær sem er stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögsmæta eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram, sbr. 40. og 35. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnslu persónuupplýsinga, sem hvorki er tilkynningarskyld né leyfisskyld, má hefja hvenær sem er.

5. gr.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu almennra persónuupplýsinga.

Ekki er skylt að tilkynna um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.
5. Telst til rafrænnar vöktunar, sem eingöngu fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni, enda hafi skilyrðum laga um fræðslu og viðvaranir verið fullnægt sem og gildandi sérreglum um framkvæmd slíkrar vöktunar.
6. Er að öllu leyti handunnin.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um rafræna vinnslu:

1. Persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
2. Persónuupplýsinga sem fram fer í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í tiltekið persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
3. Sem felur í sér flutning ódulkóðaðra persónuupplýsinga úr landi.

6. gr.

Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem ekki er leyfisskyld skv. 7. gr., er tilkynningarskyld.

7. gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

Óheimilt er að hefja eftirtalda vinnslu persónuupplýsinga fyrr en fyrir liggur skriflegt leyfi Persónuverndar, sem hún veitir að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila. Þetta á við um:

1. Vinnslu sem felst í samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld byggi hún á fyrirmælum laga eða ef einvörðungu eru samkeyrðar upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer. Sama á við ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila eða samkeyrslan byggist á upplýstu samþykki.

2. Vinnslu sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðaeefni manns. Þetta á þó ekki við ef aðeins er unnið með hluta af erfðaeefni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.
3. Vinnslu upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hins skráða.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga.
5. Vinnslu upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hinna skráðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er slík vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfisskyld, byggi hún á fyrirmælum laga.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 12. ágúst 2004.

Páll Hreinsson formaður.

Valur Árnason.

Haraldur Briem.

Ólafur Garðarsson.

Arnaldur F. Axfjörð.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2004 tillögu að deiliskipulagi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Reykjanesbæ.

Deiliskipulagstillagan sýnir m.a. ný bílastæði við skólann.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 20. ágúst 2004.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar,

Viðar Már Aðalsteinsson.

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar innfjarða.

1. gr.

Allar rækjuveiðar innfjarða eru óheimilar nema að fengnum sérstökum leyfum Fiskistofu. Hvert leyfi er bundið við veiðar á einu tilteknu svæði.

Innfjarðarækjusvæðin eru þessi:

1. Breiðafjörður, norðurfirðir.
2. Arnarfjörður.
3. Ísafjarðardjúp.
4. Húnaflói.
5. Skagafjörður.
6. Skjálfaflói.
7. Öxarfjörður.
8. Eldeyjarsvæði: sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'00 V og að norðan af 64°05'00 N.

2. gr.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október til 1. maí. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

3. gr.

Aðeins er heimilt að veita skipi leyfi til rækjuveiða á ofangreindum svæðum að það hafi aflamark í rækju á viðkomandi svæði og sé minna en 200 brúttótonn að stærð. Við veitingu leyfa til rækjuveiða á Eldeyjarsvæði skal þó miða við að skipum sé heimilt að stunda rækjuveiðar á þeim svæðum sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) og 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar. Við veiðar á rækju innfjarða skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju sbr. reglugerð nr. 739/2000, um gerð og búnað smárækjuskilju. Um gerð og búnað vörpunnar vísast til reglugerðar nr. 543/2002, um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri með síðari breytingum.

5. gr.

Skipstjóra er skylt að halda sérstaka afladagbók sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur. Upplýsingar í afladagbókum skulu nýtast í vísindalegum tilgangi, sem eftirlitsgögn og til annarra verkefna er varða stjórn fiskveiða.

6. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til rækjuveiða innfjarða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða ákvæðum leyfisbréfa sem gefin eru út með stöð í reglugerð þessari. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til rækjuveiða innfjarða.

7. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á heimild til veiða á kúfiski.

1. gr.

Allar veiðar á kúfiski með kúfiskplógi í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar. Ráðuneytinu er þó heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á kúfiski samkvæmt 13. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 345, 18. september 1992, um leyfisbindingu tiltekinna veiða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ um hörpudisksveiðar.

1. gr.

Allar hörpudisksveiðar eru óheimilar nema að fengnum sérstökum leyfum Fiskistofu. Hvert leyfi er bundið við veiðar á einu tilteknu svæði.

Hörpudisksvæðin eru þessi:

1. Hvalfjörður.
2. Breiðafjörður.
3. Patreksfjarðarflói.
4. Arnarfjörður.
5. Ísafjarðardjúp.
6. Húnaflói.
7. Skagafjörður.

2. gr.

Veiðitímabil standi frá 1. september til 31. ágúst.

Aðeins er heimilt að veita skipi leyfi til hörpudisksveiða á ofangreindum svæðum að það hafi aflamark í hörpudiski á viðkomandi svæði, sé skráð á svæðinu og útgerð þess eigi þar heimilisfesti. Leyfið fellur úr gildi sé þeim skilyrðum ekki lengur fullnægt.

3. gr.

Skipstjóra er skylt að halda sérstaka afladagbók sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur. Upplýsingar í afladagbókum skulu nýtast í vísindalegum tilgangi, sem eftirlitsgögn og til annarra verkefna er varða stjórn fiskveiða.

4. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til hörpudiskveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða ákvæðum leyfisbréfa sem gefin eru út með stoð í reglugerð þessari. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til hörpudisksveiða.

5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerða um svæðisbundin veiðibönn við síldveiðar.

1. gr.

Með reglugerð þessari eru felldar úr gildi eftirgreindar reglugerðir:

Reglugerð nr. 710, 1. október 2003, um bann við síldveiðum með vörpu og reglugerð nr. 882, 25. nóvember 2003, um bann við síldveiðum í hringnót við Austurland og í Jökuldýpi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2004.

Sjávarútvegsáðuneytinu, 18. ágúst 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ferjubakki II – Miðbær.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, vélageymslu, bílageymslu og frístundahúsi ásamt fylgihúsi.

Skíðsholt.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 15 frístundalóðum auk tveggja lóða undir íbúðarhús.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreind skipulög.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Þau hafa verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulögunum öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 19. ágúst 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

Sigurður Páll Harðarson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. reglugerð nr. 513 7. júní 2004, orðast svo:

- 3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 75, Jóker kr. 200, og í Víkingalottói kr. 50. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

2. gr.

5. gr. liður 5.2., sbr. reglugerð nr. 534 26. júní 2001, orðast svo:

Útdráttur í Víkingalottói fer fram á hverjum miðvikudegi í heimalandi einhvers samstarfsaðila, undir eftirliti þarlendra yfirvalda, samkvæmt reglum sem samþykktar eru af opinberum eftirlitsaðilum samstarfsaðilanna, hér á landi af dómsmálaráðuneytinu. Þegar dráttur fer fram hér á landi fer um eftirlitið í samræmi við lið 5.1.

Í útdrætti hvernar viku er byrjað á að draga út „Ofurtölu“ kvöldsins sem er dregin úr tölunum 48 sem eru notaðar í aðalútdrætti kvöldsins. Talan er síðan sett aftur í pottinn. Aðalútdrátturinn fer síðan fram með þeim hætti að valdar eru sex aðaltölur af tölunum 1–48 og því næst valdar tvær bónustölur af þeim tölum sem þá eru eftir.

3. gr.

5. gr. liður 5.5.3, sbr. reglugerð nr. 534 26. júní 2001 og nr. 153 24. febrúar 2003, orðast svo:

- a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum, sbr. 2. grein. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,040 evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
- b) Vinningur fyrir „Ofurtöluna“ er einnig sameiginlegur hjá þátttökuaðilum. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,012 evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar auk „Ofurtölnnar“. Til þess að hljóta vinning fyrir „Ofurtöluna“ þarf að hafa allar sex aðaltölurnar réttar auk „Ofurtölnnar“, sem þarf að vera ein af aðaltölum kvöldsins.
- c) Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi að frádreginni greiðslu Íslenskrar getspár til fyrsta vinnings sbr. a) og b) liði og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:

1. 54% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.
2. 9% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
3. 21% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
4. 16% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.

4. gr.

Á eftir a-lið í 5. gr. lið 5.8. kemur nýr stafliður, er verður b-liður, og færast aðrir stafliðir aftar sem því nemur, og orðast hinn nýi stafliður svo:

- b) enginn þátttakandi hafi allar 6 aðaltölur réttar né „Ofurtöluna“ flyst upphæðin fyrir „Ofurtöluna“ yfir á næstu viku. Hafi vinningshafi hins vegar allar sex aðaltölurnar réttar en ekki „Ofurtöluna“ þá hlýtur hann fyrsta vinning sem skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar aðaltölurnar réttar en vinningur fyrir „Ofurtöluna“ flyst áfram til næstu viku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þar næstu viku o.s.frv.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, sbr. lög nr. 126 16. desember 2003, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. ágúst 2004.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um endurveitingu ökuréttar.

1. gr.

Heimild til endurveitingar.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað endurveitingu ökuréttar í tilvikum þar sem um er að ræða lengri sviptingu en þrjú ár eða ævilangt. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

Lögreglustjórar annast framkvæmd endurveitinga í umboði Ríkislögreglustjóra. Sækja skal skriflega um endurveitingu, á þar til gerðu eyðublaði, hjá lögreglustjóra óháð búsetu umsækjanda.

2. gr.

Skilyrði endurveitingar.

Endurveitingu ökuréttar skv. 1. gr. má heimila þegar sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Við mat á umsókn vegna endurveitingar skal m.a. litið til þess að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður, sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Við matið skal m.a. litið til eftirfarandi þátta:

- a. Brotaferils samkvæmt sakavottorði frá sviptingu.
- b. Háttsemi samkvæmt málaskrá lögreglu.
- c. Útistandandi sekta og sakarkostnaðar enda eigi hann rót í málarekstri vegna sviptingarinnar og umsækjandi er gjaldfær.
- d. Annarra lögmatra sjónarmiða við mat á endurveitingu.

3. gr.

Frestun endurveitingar.

Ef umsækjandi hefur gerst sekur um akstur án réttinda á sviptingatímabilinu lengist tími til endurveitingar um þrjá mánuði fyrir hvert brot, þó að hámarki eitt ár.

Ef umsækjandi hefur orðið vís að ölvunarakstri, verið sviptur ökurétti eða hlotið dóm vegna annarra brota á umferðarlögum erlendis, sem hefðu haft áhrif á endurveitingu ef framin væru hér á landi, skal litið til þeirra við ákvörðun um endurveitingu. Líta má til þeirrar viðmiðunar sem er að finna í íslenskum lögum og dómaframkvæmd vegna samskonar brota.

4. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að skjóta synjun lögreglustjóra á endurveitingu ökuréttar til samgönguráðherra með kæru. Um málsmeðferðina fer samkvæmt stjórnisýslulögum.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 3. mgr. 106. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. 9. gr. laga nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 2004.

Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 2004.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.

AUGLÝSING

um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs, gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi, frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júlí 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson

Fylgiskjal.**Skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.**

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN Á HVANNEYRI

Starfsmenntun:

Búfræðingur. 2 ár til 79 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í búfræðum.

Háskólanám:

Nám til fyrstu háskólagráðu:

B.S. próf í búvísindum. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.S. próf í landnýtingu. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.S. próf í skógfræði. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.S. próf í umhverfisskipulagi. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

Cand.agric., kandidatspróf í búvísindum. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand.agric., kandidatspróf í landnýtingu. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand.agric., kandidatspróf í skógfræði. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand.agric., kandidatspróf í umhverfisskipulagi. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:

M.S. próf í búvísindum. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í landnýtingu. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í skógfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS)

M.S. próf í umhverfisskipulagi. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

HÓLASKÓLI

Starfsmenntun:

Hestafræðingur og leiðbeinandi. 9 mánuðir til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í hrossarækt og reiðmennsku.

Sérhæfð fagmenntun:

Tamningamaður. Diploma í búnaðarfræðum. 9 mánuðir til 30 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í tamningum og þjálfun hrossa.

Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppnisþjálfun hrossa og reiðkennslu.

Fiskeldisfræðingur. Diploma í fiskeldisfræðum. 1 ár til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í fiskeldi.

Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í ferðamálafræðum dreifbýlis.

Prófgráður á háskólastigi:

B.S. gráða í fiskeldi og fiskalíffræði.

B.A. gráða í ferðamálafræði.

GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS

Starfsmenntun:

Garðyrkjufræðingur af blómaskreytingabraut. 2 ár til 86 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í blómaskreytingum og meðhöndlun afskorinna blóma og pottaplantna.

Garðyrkjufræðingur af garðplöntubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun garð- og skógarplantna.

Garðyrkjufræðingur af skrudgarðyrkjubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Lögfest iðngrein í byggingu garða og viðhaldi þeirra.

Garðyrkjufræðingur af skógræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði skógræktar.

Garðyrkjufræðingur af umhverfisbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði umhverfistækni, einkum í framleiðslu og nýtingu moltu.

Garðyrkjufræðingur af ylæktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun grænmetis, afskorinna blóma og pottaplantna.

Sérhæfð fagmenntun:

Garðyrkjufræðingur. Diploma í garðyrkjuframleiðslutækni. 9 mánuðir til 30 eininga.

Lýsing: sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í garðyrkjuframleiðslutækni.

Prófgráður á háskólastigi:

Diploma í garðyrkjutækni 30–45 einingar (60-90 ECTS).

Diploma í skógræktartækni 30–45 einingar (60-90 ECTS).

Diploma í skrudgarðyrkjutækni 30–45 einingar (60-90 ECTS).

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Deiliskipulag við Iðjuvelli og Skaftárbrú.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 24. ágúst 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Iðjuvelli og Skaftárbrú. Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi

Kirkjubæjarklaustri, 25. ágúst 2004.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

Oddur Bjarni Thorarensen.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, stofngjald holræsa og stofngjald vatnsveitu í Austurbyggð.

1. gr.

Af öllum lóðum, nýbyggingum, stækkunum eldri húsa svo og annarra mannvirkja, hvort sem er á leigu- eða eignarlóðum, skal greiða eftirtalin gjöld til sveitarsjóðs samkvæmt samþykkt þessari:

- 1.1 Gatnagerðargjald
- 1.2 Byggingarleyfisgjald
- 1.3 Stofngjald holræsa
- 1.4 Stofngjald vatnsveitu

Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu. Skal nota það til greiðslu alls kostnaðar við að fullgera gatnakerfi, þ.e. að skipuleggja, hanna og undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, götulýsingu, slitlagi, kantsteinum, gangstéttum og gangbrautum, umferðareyjum, gangstígum og opnum svæðum. Innifalið í fullu gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarútsetningu byggingar og ein staðsetning lóðarmarka.

3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá stærð lóðar. Greitt er fast gjald á hvern fermeter lóðar og er lóðarhafa heimilt að byggja á lóðinni innan byggingarreits og samkvæmt því nýtingarhlutfalli sem deiliskipulag kveður á um. Ef deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal ákveða

nýtingarhlutfall við lóðarúthlutun. Ekki þarf að greiða gatnagerðargjald af viðbyggingum eða breytingum sem kunna að verða gerðar á húsi síðar. Aðeins er greitt eitt gjald fyrir hverja lóð. Ef óskað er eftir að byggja meira en nýtingarhlutfall lóðar segir til um skal semja sérstaklega um gjald fyrir það sem umfram er byggt. Upphæð gatnagerðargjalds er sem hér segir:

- 3.1 Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.600 fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhús.
- 3.2 Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.200 fyrir iðnaðarhús, vörugeymslur og annað húsnæði.

Sveitarstjórn er heimilt í sérstökum tilvikum að hækka eða lækka gatnagerðargjald á einstökum lóðum eða svæðum um allt að 25%.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en hér að ofan greinir ef aðstæður eru fyrir hendi sem metnar eru óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar enda hafi viðkomandi lóðir ekki gengið út við lóðarúthlutun eins og aðrar lóðir.

4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- 4.1 Við lóðarúthlutun skal greiða 50% gatnagerðargjalds. Hafi ekki verið lagt bundið slitlag á viðkomandi götu við lóðarúthlutun skal einungis greiða 20% gjaldsins við lóðarúthlutun og 30% við lagningu bundins slitlags.
- 4.2 Við útgáfu byggingarleyfis skal greiða 25%.
- 4.3 Þegar hús er fokhelt skal greiða 25%.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skal reikna dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hvert útgefið byggingarleyfi sem afgreitt er í byggingarnefnd. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning húss og eftirlit byggingarfulltrúa skv. reglugerð.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa eru:

- 5.1 Byggingarleyfisgjald er kr. 50 á rúmmetra húss sem er stærra en 10 m² og að auki fast gjald sem er eftirfarandi:
Fyrir byggingar sem eru 10 til 60 m² kr. 20.000.
Fyrir byggingar sem eru 60 m² og stærri kr. 50.000.
- 5.2 Leyfisveitingar, úttektir og vottorð kr. 6.000.
- 5.3 Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga kr. 6.000.
- 5.4 Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar. kr. 15.000.

Ekki er innheimt leyfisgjald samkv. 5.2. af byggingum sem falla undir lið 5.1 um gjaldtöku.

Gjöld skv. 5. gr. eru óendurkræf þó lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og er innheimt við útgáfu byggingarleyfis sbr. 29. gr. byggingarreglugerðar.

6. gr.

Um tengigjald fráveitu fer skv. samþykkt um fráveitur í Austurbyggð og gjaldið skal ákvæðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitum Austurbyggðar. Til að tenging við vatnsveitu fáið skal vera búið að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimtaugar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimtauga sem ekki eru í eigu Vatnsveitunnar.

7.1 Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimtaug \leq 40 mm 40.000 kr.

7.2 Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimtaug $>$ 40 mm 90.000 kr.

Tengigjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

8. gr.

Öll gjöld í samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar frá september 2003 þ.e. 285,9 stig og reiknast á hverjum tíma samkvæmt gildandi byggingarvísitölu.

9. gr.

Samþykkt þessi sem sett er með heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, vatnalögum nr. 15/1923 og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 gildir frá 1. september 2004 og fellur þá úr gildi eldri samþykkt um gatnagerðargjald 972/2000 með síðari breytingum. Ef greitt hefur verið af lóð gatnagerðargjald skv. eldri samþykktum um gatnagerðargjald gilda ákvæði þeirra samþykktu um viðkomandi lóð og mannvirki áfram.

Samþykkt af sveitarstjórn Austurbyggðar, 22. júlí 2004.

F.h. sveitarstjórnar Austurbyggðar,

Guðmundur Þorgrímsson oddviti.

SAMÞYKKT

Norður-Héraðs um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands.

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eigum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

2. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingarefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.

3. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði

fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði og verða slík erindi afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd.

4. gr.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

5. gr.

Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 7 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bílflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr. enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með árorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti af bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

7. gr.

Hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests sbr. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit nr. 786/1999 eða ekki fylgt tímasettri áætlun um úrbætur sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra kr. 500.000 á dag. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi. Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhírðu og óprifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

8. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og

mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

9. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem er samin af heilbrigðisnefnd Austurlands, breytt og samþykkt af sveitarstjórn Norður-Héraðs á 112. fundi 10. ágúst 2004, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

F.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs, 20. ágúst 2004.

Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er togbátum, sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri, heimilt til 1. mars 2005 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu á svæðinu, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt reglugerð þessari þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem læknir (tannlæknir) hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 með síðari breytingum. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi, sbr. þó 12. gr.

2. gr.

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun (ordination) skal miðast við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækninga-flokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Veirulyf	J 05 A B
c. Geðdeyfðarlyf	N 06 A B

Þegar ávísað er lyfjum í eftirtöldum ATC-flokki er heimilt að miða greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun við magn virks efnis, sem sérlyfjaskrá tilgreinir sem hámark, sem ávísa má með lyfseðli.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Mígrenilyf (sérhæfð serótónínvirk lyf)	N 02 C C

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í undantekningartilvikum að gefa út skírteini sem heimilar að greiðsluþátttaka sé miðuð við 100 daga notkun eða tiltekinn fjölda pakkninga, þegar ávísað er á lyf í ofangreindum flokkum, sbr. 11. gr.

3. gr.

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs, sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, sbr. viðmiðunarverðskrá, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Þegar ekki er tilgreint viðmiðunarverð miðast greiðsla almannatrygginga við hámarks-smásöluverð, sbr. 3. mgr. þessarar greinar eða greiðsluþátttökuverð, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Viðmiðunarverð er lægsta hámarksverð samheitalyfja. Lyfjagreiðslunefnd, sbr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, gefur út viðmiðunarverðskrá, sem birt er með lyfjaverðskrá.

Smásöluverð er hámarkssmásöluverð lyfja sem ákvarðað er af lyfjagreiðslunefnd og birtist það í lyfjaverðskrá.

Greiðsluþátttökuverð er það verð lyfja sem Tryggingastofnun miðar greiðsluþátttöku sína við í þeim tilvikum sem ekki hefur verið samþykkt hámarksverð, skv. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Á þetta við um lyf sem selja má án lyfseðils (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrá), sbr. 7. gr. og lyf sem ekki hafa fengið markaðsleyfi hér á landi, sbr. 12. gr. Sækja skal um greiðsluþátttökuverð til lyfjagreiðslunefndar og birtist það í lyfjaverðskrá.

Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir sjúkratryggðan einstakling lyf í eftirtöldum ATC-flokkum, enda skulu lyfin auðkennd með „*“ í gildandi lyfjaskrá, sbr. þó 9. gr.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Sykursýkilyf	A 10
b. Cýpróterón	G 03 H A 01
c. Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
d. Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmisbælingar eða ónæmistemprunar	L
e. Andkólnírvirk lyf	N 04 A
f. Sefandi lyf (neuroleptica)	N 05 A
g. Gláku- og ljósopsþrengjandi lyf	S 01 E

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan einstakling lyf í eftirtöldum ATC-flokkum, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í gildandi lyfjaskrá, sbr. þó 9. gr.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
b. Vítamín D og skyld lyf	A 11 C C
c. Hjartasjúkdómalyf	C 01
d. Beta-blokkarar	C 07
e. Kalsíumgangalokar	C 08
f. Lyf með verkun á renínangiótensín kerfið	C 09
g. Psoriasislyf	D 05
h. Barksterar	D 07
i. Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
n. Oxýklórókín	P 01 B A 02
o. Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður einstaklingur fyrstu 1.700 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.700 kr. greiðir sjúkratryggður 65%, en þó aldrei meira en 3.400 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. 3. gr.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 600 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 1.050 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. 3. gr.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrá með eftirfarandi hætti, sbr. þó 9. gr.:

Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður einstaklingur fyrstu 1.700 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.700 kr. greiðir sjúkratryggður 80%, en þó aldrei meira en 4.950 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. 3. gr.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærður fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 600 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 1.375 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar, sbr. 3. gr.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við lyf, sem auðkennd eru með „0“ í gildandi lyfjaskrá, sjá þó 11. gr. Undantekningar eru:

1. Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu lyfja í þeim ATC-flokkum sem hér eru taldir ef læknir staðfestir (með upphafsstöfum sínum) á lyfseðli tiltekna ábendingu, þá er greitt skv. 6. gr. (E-merking):

C 10 A	Lyf, sem lækka kólesteról og þríglýceríð; ábendingar kransæðasjúkdómur (ICD-10 flokkar; I20 – I25) og sykursýki (ICD-10 flokkar; E10 – E14).
H 01 C A	Gónadótrópínleysandi hormón; ábending legslímvilla (ICD-10 flokkur N80)
L 02 A E 04	Triptórelín, ábending legslímvilla (ICD-10 flokkur N80) og snemmkominn kynþroski (ICD-10 flokkur E30.1)
M 01 A H	Coxib; samkvæmt leiðbeiningum landlæknisembættisins með áletruninni Cox2-La, -Lb, -Lc eða -Ld eftir atvikum á lyfseðilinn.
2. Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu lyfja í ATC-flokkum A12BA og S01XA, ef þeim er ávísað með lyfseðli, þá er greitt skv. 6. gr. (E-merking).
3. Tryggingastofnun er heimilt að greiða fyrir lausasöluþynging („L“ í lyfjaskrá) með sama hætti og lyfseðilsskyldar þakningar sama lyfs eru greiddar, þegar um er að ræða eina og sömu lyfjaávisunina.

8. gr.

Reglugerð þessi tekur einnig til lyfja sem skömmtuð eru eftir beiðni læknis. Tryggingastofnun er heimilt að greiða hlutfallslega fyrir hvert skammtað tímabil miðað við 30/100 daga notkun sbr. 2. gr. Óheimilt er að innheimta hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir meira magn lyfja, en það sem afhent er hverju sinni samkvæmt skömmtunarylfseðli (7, 14 eða 30 daga skammt).

9. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem afhent er af lyfjafræðingi í neyðartilfelli, hafi viðkomandi ekki getað náð í lækni.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem læknir ávísar sjálfum sér til nota í starfi, til notkunar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri hliðstæðri stofnun.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem ávísað er skipstjóra, flugstjóra, forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar, til notkunar í lyfjakistur skipa, loftfara eða í sjúkrakassa fyrirtækis eða stofnunar.

10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, sbr. 41. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, að semja við sjúkrastofnanir um að taka að sér þann þátt sjúkratrygginga sem lýtur að greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja í gildandi lyfjaskrá, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum.

11. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út lyfjaskírteini í samræmi við starfsreglur sem stofnunin setur sér:

1. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem almannatryggingar greiða ekki („0“ merkt í gildandi lyfjaskrá) eða aðeins að hluta („E“ eða „B“ merkt í gildandi lyfjaskrá). Er þá heimilt að hækka greiðslumerkingu um einn flokk, sbr. 4.-7. grein. Greiðsla Tryggingastofnunar miðast ávallt við viðmiðunarverð, sé það til staðar, annars við hámarkssmásluverð eða greiðsluþátttökuverð, sbr. 3. gr.
2. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota að staðaldri lyf sem almannatryggingar greiða ekki („0“ merkt í gildandi lyfjaskrá) eða aðeins að hluta („E“ eða „B“ merkt í gildandi lyfjaskrá). Er þá heimilt að undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka miðað við viðmiðunarverð, sé það til staðar, annars hámarkssmásluverð eða greiðsluþátttökuverð, sbr. 3. gr. Sem dæmi má nefna sjúklinga með flogaveiki, Parkinsonsveiki, lokastigs nýrnabilun, krabbamein, alvarlega áunna eða meðfædda truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi eða sambærilega sjúkdóma. Þessi heimild nær einnig til vítamína vegna barna yngri en 18 ára með efnaskiptasjúkdóma þegar þau eru hluti af lífsnauðsynlegri meðferð og barna yngri en 18 ára með alvarlegan frásogsvanda sem leiðir til þess að þau þurfi mjög aukið magn vítamína.
3. Þegar virkri meðferð er hætt og sjúklingur nýtur líknandi sérhæfðrar hjúkrunar meðferðar í heimahúsi er heimilt að undanþiggja sjúklinga greiðslu allra lyfja, sem hafa markaðsleyfi á Íslandi ásamt lyfjum, sem eru á undanþágulista Lyfjastofnunar.
4. Þegar sjúklingur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum s.s. alvarlegum aukaverkunum getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka almannatrygginga miðast við, sbr. 2. mgr. 3. gr. er þá heimilt að miða greiðsluþátttöku við hámarkssmásluverð viðkomandi lyfs.

12. gr.

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjum, sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, þ.m.t. stöðluðum forskriftarlyfjum lækna, en heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, miðast við ákvörðun lyfjagreiðslunefndar samkvæmt 43. gr. þeirra laga.

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í umræddum tilvikum skal taka mið af 4. mgr. 3. gr. eftir því sem við á.

Lyfjastofnun gefur út undanþágulista, sem birtist með lyfjaverðskrá. Á þeim lista eru lyf án markaðsleyfis sem Lyfjastofnun hefur heimilað að nota megi án fyrirfram samþykkis stofnunarinnar. Þar kemur fram greiðslumerking viðkomandi lyfja og greiðsluþátttökuverð, sbr. 4 mgr. 3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja í allt að 90 daga eftir að markaðsleyfi þeirra er útrunnið, sbr. 77. gr. reglugerðar nr. 462/2000 um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla.

13. gr.

Lyfjagreiðslunefnd, sbr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, ákveður greiðslutilhögun almannatrygginga í öllum lyfjum sem veitt hefur verið markaðsleyfi hér á landi. Einnig ákvarðar nefndin greiðslutilhögun lyfja án markaðsleyfis.

Um umsóknir um greiðsluþátttöku almannatrygginga, sbr. 1. mgr., fer samkvæmt reglugerð um lyfjagreiðslunefnd.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c-lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. september 2004. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 948/2000, ásamt reglugerðum nr. 845/2001, 947/2001, 378/2003, 304/2004, 366/2004 og 650/2004 um breytingar á þeirri reglugerð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. ágúst 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 10. ágúst 2004 staðfest sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs, í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði, í eitt sveitarfélag.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 26. júní 2004 lýsti meirihluti íbúa Fellahrepps, Norður-Héraðs og Austur-Héraðs sig hlynntan því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Fljótsdalshreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Fljótsdalshrepps hafa sveitarstjórnir sveitarfélaganna þriggja ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna. Ráðuneytið telur skilyrði vera fyrir hendi til sameiningar sveitarfélaganna þriggja samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði og er því fallist á beiðni sem undirrituð er af oddvitum sveitarfélaganna, dags. 4. ágúst 2004, þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið staðfesti sameininguna.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 1. nóvember 2004.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna þriggja skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyrja þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 16. október 2004, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, og varir kjörtímabil nýrrar sveitarstjórnar fram að almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2006.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnir þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar nema annað verði ákveðið.

Nefnd sem sveitarstjórnir skipa sameiginlega mun gera tillögu til nýrrar sveitarstjórnar um nafn á nýju sveitarfélagi. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 2004.

Árni Magnússon.

Gudjón Bragason.

AUGLÝSING

um viðbót við gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004, með síðari breytingum.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 159 20. desember 2002 um Norðurorku, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi viðbót við gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn er tók gildi 1. ágúst 2004. Viðbót þessi gildir aðeins fyrir Hrísey:

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitaveitukerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

Hitaveitan má ein rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir ósk húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni, hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 lítri á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum lítra á mínútu.

Þar sem vatn er notað til annars en upphitunar húsnæðis og venjulegrar heimilisnotkunar, setur hitaveitan upp mæla sem mæla rennsli vatns í rúmmetrum. Hitaveitan kostar og sér um uppsetningu og viðhald mælanna.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:	Án VSK	Með VSK
1. Fastagjald fyrir hvern hemil á dag	kr. 35,00	38,43
2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði	kr. 1690,00	1855,62

Virðisaukaskattur fyrir hitaveitu í Hrísey er 9,8%.

Að öðru leyti gildir verðskrá og reglugerð hitaveitu Norðurorku fyrir Hrísey.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar nr. 57, 23 janúar 1997, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUR

Fjarðabyggðar um fjárhagsaðstoð.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 17. og 18. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Framfærsluskylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.

Hafi umsækjandi hafnað vinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleitaráætlun, er félagsþjónustusviði heimilt að greiða hálfu grunnupphæð til framfærslu er tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu, svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiði dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur

um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. gr og 27. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningatilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

8. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá starfsmönnum félagsþjónustusviðs á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og fedralaun.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Félagsþjónustusvið getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattýfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita félagsþjónustusviði upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt félagsþjónustusviði umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.

Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.

10. gr.

Mat á fjárþörf.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Grunnfjárhæð.

Framfærsla barna ekki talin með

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 78.500 kr. (3.622,5 x 21,67) á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 125.600 kr. á mánuði (78.500 x 1,6).

Mat fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálanefnd árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

12. gr.

Tekjur umsækjanda.

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur Tryggingastofnunar ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt til atvinnuleysisbóta, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar sé gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

13. gr.

Greiðslur meðlags.

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverju tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldur.

Sérákvæði.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi atvinnurekendur og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar nema fullnægt sé skilyrðum 18. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

16. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.

- A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, skóladagheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.
- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjóðarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, skóladagheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjóðarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt þarf að liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.
- D. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12

mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

17. gr.

Námsstyrkir.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

- a) Til einstaklinga 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
- b) Til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1.000.000 kr. undanfarna 12 mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum.
- c) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok.

Miða skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá, reiknast honum til tekna.

18. gr.

Aðstoð vegna barna og ungmenna.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum.

Ungu atvinnulausu fólki, á aldrinum 18-24 ára, sem býr hjá foreldri/foreldrum, sem hafa tekjur sem eru við mörk eða undir grunnfjárhæð, skal reiknast hálf grunnfjárhæð á mánuði, þ.e. 39.250 kr. eða mismun á þeirri upphæð og tekjum þeirra. Meðlag sem þau kunna að fá greitt reiknast sem tekjur.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Unglingar 18 ára og yngri, eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

19. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

20. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

- I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 12 mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 40.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja umsókn.
- II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum, ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan félagsþjónustunnar eða á vegum heilbrigðisstofnana.
 - a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
 - b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.

21. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið við útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991 eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

22. gr.

Áfallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamafara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

23. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum leigumarkaði.

Heimilt er að veita styrk eða lán til greiðslu tryggingargjalds vegna leiguhúsnæðis hjá Fjarðabyggð. Skilyrði er að viðkomandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá bönkum eða lánastofnunum.

24. gr.

Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

- a) umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþingreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- c) fyrir liggi yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á,
- d) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið,
- e) fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrki eða lán til greiðslu skattskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

25. gr.

Sérstök fjárhagsaðstoð í desember.

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna sex mánuði samfelld, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

26. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

V. KAFLI

Málsmeðferð**sbr. ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga**

27. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal svo fljótt sem unnt er aðstæður umsækjenda eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Félagsþjónustunni berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsþjónustan skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

28. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda

eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

29. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að skjölum.

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

30. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustusviðs, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

31. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

32. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustusvið endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

33. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsmenn félagsþjónustusviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Fjarðabyggðar.

34. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Þar sem starfsmenn félagsþjónustusviðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd Fjarðabyggðar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

35. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

36. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð taka gildi 18. mars 2004.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Fjarðabyggðar 24. febrúar 2004 og í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. mars 2004.

Fjarðabyggð, 26. ágúst 2004.

F.h. Fjarðabyggðar,

Jón Björn Hákonarson, upplýsinga- og kynningafulltrúi.

AUGLÝSING**um breytt deiliskipulag á Nýbýlavegi, Hvolsvelli.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 19. júní 2004, breytingu á deiliskipulagi húsanna 16-26 við Nýbýlaveg á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

Breytingin felst í því að byggingareitir fyrir bílskúra á lóðum 16, 18, 20, 22 og 26 eru færðir inn á lóðir. Byggingareitur bílskúrs fyrir lóð 24 er stækkaður. Einnig er sett inn lóð 16b fyrir spennistöð.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 24. ágúst 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingin felst í því að fjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum verður 7,5 m í stað 10 m og fjarlægð frá útjaðri hverfis að byggingarreit verður 30 m. Bindandi línur sem snúa að götu í ytri hring falla út.

Breyting deiliskipulagsins tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. ágúst 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 2004

26. ágúst 2004

1827

Nr. 718

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og leiðrétting á auglýsingu um breytt deiliskipulag.

Rimaskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 17. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Rimaskóla. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 17. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kirkjuteig 24, Laugarnesskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Neðstabergr 18, leiðrétt auglýsing.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Neðstabergr 18, Breiðholti III.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Reykjavík, 26. ágúst 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 545/2004 um útflutningshlutfall kindakjöts 2004-2005.

1. gr.

Með vísan til auglýsingar nr. 545/2004 hefur landbúnaðarráðherra ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts fyrir neðangreint tímabil verði sem hér segir:

Dilkakjöt:

Tímabil:

13. sept. 2004 – 28. nóv. 2004

Útflutningshlutfall:

36%

2. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. ágúst 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
713	23. ágúst	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á samein- ingu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs í eitt sveitarfélag	1815-1816
714	23. ágúst	Auglýsing um viðbót við gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004, með síðari breytingum	1816
715	26. ágúst	Reglur Fjarðabyggðar um fjárhagsaðstoð	1817-1825
716	24. ágúst	Auglýsing um breytt deiliskipulag á Nýbýlavegi, Hvolsvelli	1825
717	26. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi	1826
718	26. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykja- vík og leiðrétting á auglýsingu um breytt deiliskipulag	1827
719	27. ágúst	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 545/2004 um útflutningshlutfall kindakjöts 2004-2005	1828

